



# LESUM OG SKILJUM

leiðbeiningar fyrir kennara



## Formáli

Þróunarverkefnið Lesum og skiljum er þverfaglegt verkefni í lestri og lesskilningi. Markmið verkefnisins er að efla lestur og lesskilning nemenda í öllum námsgreinum. Verkefnið hefur verið í þróun undanfarið eitt og hálft ár og hafa þeir nemendur sem tekið hafa þátt í verkefninu bætt lesskilning sinn umtalsvert á því tímabili. Til þess að efla lesskilning þurfa nemendur að temja sér lestraraðferðir sem skila árangri og í því samhengi skiptir góður orðaforði og skilningur á lykilhugtökum miklu máli. Við sem að verkefninu stöndum teljum að allir geti bætt lestur sinn og lesskilning. Því er mikilvægt að hjálpa sérhverjum nemanda við að finna þá aðferð sem hentar honum best.

Við viljum þakka Guðmundi Engilbertssyni, sérfræðingi hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, fyrir hans þátt í verkefninu og Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur, námsráðgjafa í Hagaskóla, fyrir hennar framlag.

Reykjavík, maí 2011

Árni Friðriksson  
Inga Mjöll Harðardóttir  
Margrét Matthíasdóttir  
Signý Gísladóttir  
Sturla Snæbjörnsson  
Vala Ágústa Káradóttir

## Lesum og skiljum

Það að vera læs felst í að geta nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum sínum.

Lesskilningur vísar til skilnings, varðveislu og endurheimtar á því sem lesið er. Forsendur lesskilnings eru góður orðaforði og málskilningur. Minnið gegnir veigamiklu hlutverki í þessu samhengi en þær námsaðferðir sem nemandinn beitir við lesturinn eru þó það sem mestu máli skiptir. Bakgrunnur einstaklingsins, reynsla af mismunandi tegundum ritmáls, áhugi, ályktunarhæfni og þekking á eigin hugsun skipta einnig verulegu máli.

Nemendur sem eiga erfitt með lesskilning þurfa að læra hvernig á að ná tökum á réttum og árangursríkum námsaðferðum við lestur og lesskilning. Þeir þurfa að geta nýtt sér sömu námsaðferðir og góðir lesarar til að efla lesskilning sinn en oft þarf þó að kenna þeim þessar aðferðir.

Það sem einkennir góða lesara er að þeir hafa góða sjálfsþekkingu og þekkja sínar sterku og veiku hliðar, þeir nálgast verkefni sín af áhuga og þeir gera sér grein fyrir að lestur er vinna. Duglegir lesarar velja lestraraðferðir og leiðir eftir því hvert markmiðið með lestrinum er og eftir uppbyggingu textans. Gera þarf nemendum ljóst að ekki þarf endilega að lesa fagurbókmenntir til að efla lesskilning. Allur lestur er góður, sama hvort lesefnið er Stríð og friður, Harry Potter, tölvusíður, Syrpan eða annað.

Nemendur þurfa að fá góðar leiðbeiningar í að nota lestraraðferðir og mörg tækifæri til að þjálfa þær. Í framhaldinu tileinka þeir sér svo fleiri aðferðir sjálfir.

Gott getur verið að kortleggja lesskilning sérhvers nemanda í upphafi skólaárs svo hægt sé að koma til móts við þarfir hans. Víða eru skimunarpróf lögð fyrir nemendur í upphafi skólaárs. Annað sem hægt væri að gera til að kanna stöðu nemanda er t.d.:

- » Kennari tekur viðtal við einn nemanda í einu um lestrarvenjur hans.

- » Umræður kennara og lítils hóps nemenda um lestrarvenjur þeirra.
- » Sjálfsmat – þ.e. nemendur meta sjálfir stöðu sína.
- » Nemendur taka viðtöl hverjir við aðra um lestur.
- » Kennarar sem kenna sömu nemendum ræða saman um þá sem eiga við lestrarvanda að stríða.

Kennslubækur eru margar og mismunandi. Kennari þarf að taka sér tíma í að kynna nýjar kennslubækur vel fyrir nemendum þar sem reynslan hefur sýnt að einungis fáir nemendur gefa sér tíma til að skoða námsbækurnar áður en þeir byrja að lesa þær og kunna þar af leiðandi ekki að lesa viðkomandi bók.

Til að efla lesskilning allra nemenda skiptir máli að nemendur öðlist jákvæða reynslu af lestri í skólanum. Það er mikilvægt að sjá til þess að nemendur öðlist næga færni til að geta skilið það sem þeir lesa og að þeir fái hjálp við að auka skilning sinn á hugtökum og efninu í heild. Í þessari handbók skoðum við hvernig kennarinn getur notað paralestur, gerð hugtakakorta o.fl. sem leið til að bæta lesskilning nemenda.

## Kynningartími fyrir nemendur

Í upphafi skólaárs segir umsjónarkennari nemendum að mikil áhersla verði lögð á lestur og lesskilning í Hagaskóla. Nemendur ræða saman í pörum og spyrja eftirfarandi spurninga?

1. Hvað finnst þér skemmtilegast að lesa og hvers vegna?
2. Hvernig lestu skólabækur, þegar þú sinnir heimavinnu og þegar þú lest fyrir próf?
3. Hefurðu tileinkað þér einhverjar aðferðir til að muna námsefni, t.d. fyrir próf?

Pörin skrá niðurstöður og flytja þær fyrir þekkingu. Nemandi A kynnir lestrarvenjur B, nemandi B kynnir lestrarvenjur A og þannig eru koll af kalli kynntar lestrarvenjur hvers og eins nemanda.

Markmið þessarar kennslustundar er að nemandinn fái áhuga á að lesa meira, sjái hvað hann gerir eins og aðrir nemendur og fái hugmyndir frá jafnöldrum/jafningjum sínum um hvernig hægt er að lesa skólabækur á mismunandi hátt.

Tími: Ein kennslustund í upphafi skólaárs

## Paralestur

### Markmið

Paralesturinn þjálfar nemendur í gagnvirkum lestri, örvar einbeitingu þeirra og skilning á því sem þeir eru að lesa og fást við hverju sinni. Smám saman geta nemendur sjálfir farið að nota þessa aðferð við heimanám eða próflestur og bæta um leið námsárangur sinn. Við lok grunnskóla er nauðsynlegt að nemendur hafi náð góðum tókum á lestri og lesskilningi. Grundvöllur frekara náms byggist á góðri lestrarfærni.

### Hvernig skipt er í pör?

Hópnum er raðað í pör eftir getu. Fyrst er hópnum skipt í tvennt, getumeiri hóp og getuminni hóp. Síðan eru þeir sterkustu í hvorum hóp paraðir saman og svo koll af kalli. Þannig er bilið á milli getu nokkuð jafnt hjá pörunum. Síðan notum við kennarainnsæið til að gera ákveðnar og

nauðsynlegar breytingar. Best er að kennarar í hverjum bekk setjist saman og ákveði þörin þannig að þau séu þau sömu í öllum greinum. Það flýttir fyrir að lesturinn geti hafist í kennslustundinni.

### **Paralesturinn fer þannig fram**

Nemendur fá leiðbeiningaspjöld til að styðjast við sem þeir hafa á borðunum hjá sér í tímanum. Þau eru á ensku í enskútímum, dönsku í dönskútímum og svo á íslensku í öðrum greinum.

### **Kennari leggur ákveðinn texta fyrir**

Fyrst les annar nemandi smábút eða efnisgrein, hinn nemandinn (þjálfari) hlustar og fylgist með í sinni bók. Að lestri loknum spyr þjálfari lesarann spurninga úr textanum sem lesarinn á að svara. Síðan á lesarinn að endursegja efnið, sem hann las, helst ekki í fleiri en 10 orðum. Síðan skipta nemendurnir um hlutverk.

### **Paralestur**

1. Lesari les upphátt.
1. Þjálfari spyr spurninga úr textanum.
1. Lesari endursegir textann í færri en 10 orðum.

2. Lesari les upphátt.
2. Þjálfari spyr spurninga úr textanum.
2. Lesari endursegir textann í færri en 10 orðum.

## Hugtakakort og orðavinna


### Hugtakakort

Hugtakakort er tækni við að skrá þekkingu á myndrænan hátt. Nemandinn skráir upplýsingar og tengir þær saman. Aðferðin auðveldar hugsun og skilning og krefur nemandann um að rifja upp það sem hann hefur lært.

Kostir hugtakakortsins eru meðal annars þeir að það sýnir allar grunnupplýsingar á einum stað, það getur hjálpað nemandanum að sjá tengsl milli nýrrar þekkingar og þekkingar sem hann býr nú þegar yfir og það hentar mjög vel við glósugerð, undirbúning fyrir ritgerð, greinagerðir, skýrslur eða próflestur.

Nái nemandinn að tileinka sér gerð hugtakakorta fær hann í hendur verkfæri sem hjálpar honum að skipuleggja nám sitt, greina aðalatriði frá aukaatriðum og auka þar með skilning sinn.

- » Auðveldar hugsun og skilning.
- » Sýnir allar grunnupplýsingar á einum stað.
- » Sýnir tengsl milli nýrrar þekkingar og þeirrar sem nemandinn býr yfir.
- » Hentar við glósugerð, ritgerðasmíð, greinagerðir, skýrslur og próflestur.
- » Auðveldar skipulagningu náms.
- » Hjálpar við að greina aðalatriði frá aukaatriðum.





### Hvernig á að kenna gerð hugtakakorta?

Nauðsynlegt er að nemendur fái sýnikennslu áður en þeir spreyta sig sjálfir á hugtakakortagerðinni. Best er að nota efni sem nemendur eru að fást við hjá kennara þá stundina. Sýnikennsla tekur u.þ.b. eina kennslustund.

Fyrsta skrefið er að kynna grunnhugtakið. Kennari og nemendur reyna síðan í sameiningu að finna sem flest hugtök eða atriði sem tengjast því. Þetta má t.d. gera með því að skipta nemendum í hópa og láta hópana skrá hugtök á litla miða sem kennari safnar saman og skráir á töfluna. Einnig er hægt að notast við hugarflug. Kennari skráir þá hjá sér öll þau hugtök sem nemendur nefna og passa inn í kortið.

Þegar búið er að safna saman hugtökum er hugtakakortið teiknað upp. Í stærri kortum er best að finna nokkur yfirhugtök til að tengja við grunnhugtakið. Grunnhugtakið er gjarnan haft fyrir miðju og er yfirhugtökum raðað í kringum það með tengilínum. Það getur líka staðið efst og þá koma önnur hugtök fyrir neðan það í einskonar flæðiriti. Mikilvægt er að ramma öll hugtök inn og tengja þau saman með tengilínum. Leggja verður á það áherslu við nemendur að tengilínur séu örvar sem stefni frá grunnhugtaki til undirhugta. Allt leiðir af grunnhugtakinu. Við tengilínur má bæta skýringum.



Með þessari aðferð ætti að vera hægt að setja upp skipulegt hugtakakort þar sem efni er flokkað á myndrænan hátt.

### **Hugtakakort notuð við nám og kennslu**

Þegar nemendur hafa fengið kennslu í hugtakakortagerð ættu þeir að geta prófað sig áfram sjálfir. Kortin henta mjög vel í hópa- eða paravinnu en eru líka upplögð fyrir einstaklingsvinnu. Hægt er að nýta kortin á ýmsan hátt, svo sem með því að flétta þau inn í vinnubækur og aðra glósugerð. Þau nýtast í öllum greinum þar sem unnið er með hugtök, staðreyndir og nýja þekkingu.

- » Nauðsynlegt er að hafa sýnikennslu.
- » Sýnikennsla tekur eina kennslustund.
- » Byrjað er á að kynna grunnhugtak.
- » Hugtökum er safnað með hugarflugi eða hópavinnu.
- » Í stærri kortum eru yfirhugtök til að hjálpa til við flokkun.
- » Tengilínur með eða án skýringa tengja hugtök.
- » Mikilvægt er að ramma hugtök inn.

### **Önnur orðavinna**

Ýmiss konar orðavinna getur verið mjög árangursrík kennsluáðferð og hjálpað nemendum að skilja, flokka og muna. Orðvinnu er hægt að nota í öllum greinum, hvort sem um er að ræða lesgreinar, raungreinar eða verklegar greinar.

### **Orðaskjóður**

Orðaskjóðan gengur út á að safna saman þekkingu og flokka hana í „skjóður“. Ólíkt hugtakakortinu er ekki notast við tengilínur. Þannig getur nemandinn búið sér til hálfgerð yfirlit yfir þau atriði sem hann þarf að þekkja og muna.

Ísskápurinn minn			
Mjólkurvörur:	Grænmeti og ávextir:	Kjötvörur:	Krukkur:
jógúrt	kartöflur	beikon	ólífur
ostur	epli	skinka	sinnep
smjör	hvítlaukur	lifrarkæfa	rifsberjahlaup
léttmjólk	laukur	hakk	kapers
rjómaostur	sellerí	spægipylsa	tómatm auk

### Krossglíma

Krossglíma nýtist nemendum mjög vel við glóssugerð, þá sérstaklega þeim sem hentar verr að skrifa lengri texta. Hún á mjög vel við þegar taka á saman efnisatriði úr ákveðnu námsefni. Nemendur hafa yfirleitt gaman af því að nota þessa aðferð. Krossglíman er sett þannig upp að yfirhugtakið er skrifað lóðrétt. Lárétt koma síðan önnur tengd hugtök. Bókstafur í hverju þeirra verður að passa við bókstaf í yfirhugtakinu. Sjá skýringarmynd.

Hairspray
gAman saman
FornhaGi
fyrirmyndArbörn
FroSti
Kennsluáætlanir
bÓkasafn
ungLingar
Ingibjörg

### Orð vikunnar

Ein leið til að setja fram nýtt efni er að kynna orð eða hugtak vikunnar. Þannig getur kennari kynnt nokkur lykilhugtök jafnt og þétt yfir veturinn og haft þau sýnileg í stofunni. Það er líka hægt að nota þessa aðferð til að kynna fyrir nemendum atriði sem tengjast námsefninu óbeint. Sem dæmi mætti kynna málshátt vikunnar, lífveru vikunnar, leikfimisæfingu eða hvað sem er.

#### Dýr vikunnar



Górilla

Górilla lifir í frumskógum Mið-Afríku og er í mikilli útrýmingarhættu. Górilla nær um 35 ára aldri og eignast 5-6 afkvæmi um ævina. Górilla er stærsta apategundin en hún er yfirleitt mun stærri og þyngri í dýragörðum en í sínu náttúrulega umhverfi þar sem hún þarf að hafa meira fyrir fæðuöflun.

### Orðhlutavinna

Orðhlutavinna snýst um að vinna og leika sér með byggingarefnið sem býr til orð. Þessi aðferð getur hentað í mörgum greinum. Í orðhlutavinnu er kannað úr hvaða hlutum orð eru samsett og síðan er unnið á ýmsan hátt með orðhlutana. Þetta má t.d. gera með því að búa í sundur samsett orð og finna nýja fyrriparta eða með því að finna orð sem hafa skylda merkingu. Sjá skýringarmynd á næstu síðu.

### Neyð-ar-leg-ur

Neyð	-legur
Nauð	skemmtilegur
Nauðsynlegt	leiðinlegur
Neyðarúrræði	þægilegur
Neyðarlínan	hlægilegur
Nauðþurftir	afkáralegur
Neyða	ómögulegur

## Minnistækni

Nám reynir á minni. Við getum ekki alltaf munað allt en við getum margfaldað minnisgetu okkar.

### Að muna er ferli

Námsmenn þurfa að leggja á minnið ýmislegt sem þeir hafa mismikinn áhuga á. Það er því nauðsynlegt að kunna aðferðir til að festa í minninu atriði sem við viljum kunna.

Til að opna rétt minnishólf þarf maður réttan lykil eða lykilorð. Minnisaðferðir eru margar og mikilvægt er að finna þær aðferðir sem henta best. Dæmi um minnisaðferðir:

- » Hengja upp myndir og miða með upplýsingum úr námsefni. T.d. litlu minnismiðana (Post it).
- » Syngja og/eða hreyfa sig í takt við ákveðin efnisatriði: Semja grípandi lag eða nota þekkt lag og breyta orðunum til að muna. Gott er að hreyfa sig, þylja upp, syngja eða rappa ákveðin efnisatriði.
- » Búa til spurningaleik: Skrifu spurningar öðrumegin á spjald og svarið hinumegin.
- » Gera hugtakakort.

## Nokkur góð ráð til nemenda við lestur námsbóka

Þegar þú þarft að lesa námsefni getur þú notað aðferðir sem hjálpa þér að muna textann.

- » Líttu vel yfir efnið eða kaflann áður en þú byrjar að lesa og athugaðu vel um hvað hann fjallar, lestu fyrirsagnir og texta við myndir.
- » Farðu yfir spurningar sem hugsanlega fylgja áður en þú lest vel yfir.
- » Lestu efnið vel yfir í smáskömmtum. Eftir hverja grein eða klausu skaltu endursegja efnið með þínum eigin orðum.
- » Lestu aftur yfir klausuna og merktu við aðalatriðin, t.d. með því að strika undir, strika yfir með yfirstrikunarpenna, skrifa á spássíu eða skrifa niður minnispunkta á blað um aðalatriðin. Ef þú skrifar minnispunkta mundu þá að merkja blaðið með bókarheiti, kafla og blaðsíðutali. Einnig er mjög árangursríkt að búa til sjálf/ur spurningar úr efninu.
- » Þegar þú ert búin/n að lesa vel yfir allan textann á þennan hátt, svaraðu þá spurningum og leystu verkefni sem fylgja.
- » Loks skaltu líta vel yfir efnið eða kaflann sem þú last og rifja upp helstu atriði. Skoðaðu minnispunkta, undirstrikanir eða spurningar sem þú bjóst til.
- » Mundu að halda athyglinni vel vakandi meðan þú ert að lesa yfir. Hafðu rólegt í kringum þig.

*Endursagt af vef Námsgagnastofnunar*

## Heimildir

Guðmundur Engilbertsson. Orðaf orði. Sótt 7. Maí 2011.  
<http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8731>

Helga Sigmundsdóttir. 2007 – 2008. Lesvefurinn. Sótt 7. maí 2011.  
<http://lesvefurinn.hi.is>

Heimasíða PALS. 2008. Peer assisted learning strategies. Sótt 7.maí 2011.  
<http://kc.vanderbilt.edu/pals/>

Maagerø & Tønnesen, Eva Maagerø, Elise Seip.2009. At læse i alle fag.

Jens Peter Kaj Jensen og Christina Catarina Altuna þýddu á dönsku.  
Forlaget Kim. København.

Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. 2006. Lexia. Háskólinn á Akureyri. Akureyri.

Stowe, Chinthia M.2000. How to reach & teach children & teens with dyslexia.Joss ey- Bass. San Francisco.

Vefur námsgagnastofnunar. Nokkur góð ráð við lestur námsbóka. Sótt 7. maí 2011. <http://nams.is/>



**HAGASKÓLI**